

AUGLÝSING

um lækkun aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 61 29. apríl 1943, skulu frá og með 19. nóvember 1943 aðflutningsgjöld af eftirtöldum vörum vera svo sem hér segir:

Tollskr. nr.	Tollein- ing	Vörumagns- tollur. Aurar	Verð- tollur %
8. kafli nr. 6. Epli ný	1 kg	7	10
8. — — 15. Perur nýjar í mánuðunum febr. til og með júli	—	3,36	10
8. — — 15 a. Perur nýjar í öðrum mánuðum	—	7	10
8. — — 33. Rúsinur	—	7	25
8. — — 34. Sveskjur	—	7	25
10. — — 6. Más	—	—	4
19. — — 5. Rís og aðrar korntegundir og rótarávéxtir, steikt, gufusoðið eða tilreitt á annan svipað- an hátt	—	7	10
20. — — 7. Pulp og safi úr ávöxtum, ósykraður	—	7	8
20. — — 9. Saft úr ávöxtum og jurtahlutum	—	7	10
72. — — 22. Reiknivélar	—	3,5	15
72. — — 23. Ritvélar	—	3,5	15
72. — — 24. Talningavélar (fétalar)	—	3,5	15
72. — — 25. Fjölrítarar (duplikatorar)	—	3,5	15
72. — — 26. Aðrar skrifstofuvélar og hlutar til þeirra, ót. a.	—	3,5	15

Más, 10. kafli nr. 6, skal þó vera verðtollsfrjáls til ársloka 1943, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 57 20. marz 1943.

Af pulp og safi úr ávöxtum, ósykraðum, 20. kafla nr. 7, og af saft úr ávöxtum og jurtahlutum, 20. kafla nr. 9, skal ekki innheimta eftirlitsgjald samkvæmt reglu-gerð nr. 67 22. febr. 1940, sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936.

Fjármálaráðuneytið, 6. nóvember 1943.

Björn Ólafsson.

Magnús Gíslason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 3 13. febrúar 1943, um verðlag.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 3 13. febrúar 1943 orðist svo:

Meðan það verðlag á innlendum afurðum gildir, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, skal þrátt fyrir ákvæði síðasta málslíðar 1. gr. laga þess-